

268. fundur Skólanefndar FS

15. febrúar 2005



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúinn Þorbjörg Garðarsdóttir og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Lóð og bílastæði við skólann.
 2. Skólasamningur.
 3. Þemadagar.
 4. Önnur mál.

1. Lóð og bílastæði við skólann.

Kristján Stefánsson frá Verkhjónustu Kristjáns ehf. kom á fundinn og kynnti nýjar teikningar af lóð og bílastæðum. Kostnaður er nú áætlaður 33,7 milljónir í stað um 51 milljónar áður. Skólanefndarmenn lýstu ánægju sinni með tillögurnar og það að málið sé komið á skrið. Kristján kynnti einnig stöðu mála varðandi þá verkþætti sem verktaki hefur ekki lokið í nýbyggingu.

2. Skólasamningur.

Skólameistari kynnti drög að nýjum skólasamningi skólans og menntamálaráðuneytis og kynnti það sem þar kemur fram. Skólanefnd felur formanni og skólameistara að ganga frá samningum við ráðuneytið og undirrita síðan tilbúinn skólasamning.


3. Þemadagar.

Skólameistari sagði frá þemadögum sem verða haldnir 23.-25. febrúar. Yfirskrift daganna er „Líf og leikur“ og er áhersla lögð á tómstundur og forvarnir. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með dagskrána og framtakið.

5. Önnur mál.

- a) Skólameistari kynnti jafnréttisáætlun skólans.
- b) Garðar Páll lýsti ánægju sinni með kennslu í Grindavík á vegum öldungadeildar en þar er enskuáfangi kenndur á þessari önn. Hann hvatti til þess að áfram verði haldið með þessa kennslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf

Hafnargötu 60, 230 Keflvík

Símar: 421-5105, 896-3450, Fax: 421-5173

Fjölbrautarskóli Suðurnesja

Viðbygging, breytingar á eldra húsnaði og lóð 2003-2004.

STAÐA MÁLA 14.02.2005

Verkbættir sem verktaki hefur ekki lokið við:

Almennt:

- Vantar að skila reyndarteikningum arkitekts stimpluðum af byggingarfulltrúa.
- Vantar prófunarskýrslur yfir loftnetskerfi.
- Hljóðkerfi, vantar prófunarskýrslu, skv. verklýsingu skal viðurkenndur hljóðráðgjafi á vegum aðalverktaka taka út kerfið og prófa.
Stjórnbúnaði var komið fyrir á svölum yfir sviði skv. beiðni umsjónarmanns tölvukerfa skólans og er hljóðkerfi stjórnað þaðan. Vantar fjarstýringu frá húsverði eins og til er ætlast í verklýsingu. Handbækur sem komnar eru eru ófullkomnar, þurfa að vera ítarlegri.
- Hússtjórnarkerfi, það uppfyllir ekki kröfur verkkaupa skv. forsögn. Verktaki skal ganga frá hússtjórnarkerfi með skjámyndum eins og til er ætlast.
Þjófavörn og aðgangskerfi hefur verið tengt hússtjórnarkerfi. Snjóbræðsla, neysluvatns- og hitakerfi eru ekki tengd hússtjórnarkerfinu enn sem komið er. Stýring á loftræsikerfi gengur ekki vel þar sem kerfið er óskýrt og skjámyndir ruglingslegar. Svo virðist sem ekki sé búið að klára þennan hluta kerfisins þar sem vantar víða merkingar búnaðar og skýringar hverju er verið að stýra eða hvaða aðgerðir er verið að framkvæma.
- Brunaviðvörnarkerfi, vantar rýmingaruppdrætti og yfirlitsmynd kerfis í sbr. forsögn verkkaupa. (Koma skal fyrir í samráði við eldvamareftirlit rýmingaruppdráttum á vegg, sem sýni grunnmynd viðkomandi hæðar, hvar hún er staðsett og hvert flóttaleiðir liggja að útgöngum. Einnig yfirlitsmynd brunaviðvörnarkerfis við brunaviðvörnarástöð. Stærðir A3 í ramma.)

Utanhúss:

- Eftir er að byggja lokað skýli yfir loftpressu, sem skal vera horni þar sem stoðveggur kemur að verknámshúsi.*
- Eftir er að ganga frá í kringum þakniðurfall út/inn úr vegg við sal í skoti að íþróttahúsi.
- Eftir er að þrifa vatnsbretti og kanta og ganga frá yfirborðinu að gluggum á sal að austanverðu.
- Eftir er að lagfæra kanta og skellur undir steypu skyggni.
- Múra þarf og steina vegg lengra niður á köflum að vestanverðu sem snýr að útigeymslu m.v. hæðarsetningu lóðar.*
- Eftir er að tengja niðurfall á efnisgeymslu við frárennsli í jörðu.*
- Eftir er að setja þéttidúk á vegg útigeymslu þar sem fyllt verður að með jarðvegi.*
- Veggur við bókasafn að vestanverðu, lagfæra þarf steypuflöt þar sem steypumót hefur sprungið út og steina, einnig virðist þurfa að steina vegg neðar m.v. hæðarsetningu lóðar.*
- Vantar klæðningu undir þakkant á horni aðalbyggingar að norðvestanverðu.

* Þessi atriði eru þess eðlis að þau þarf að vinna í tengslum við lóðarfrágang og hefur verktaki lýst því yfir að þegar farið yrði í lóðarfráganginn yrðu þau lagfærð.

305 og 306 Tölvunetþjónar.

- Rými fyrir tölvunetþjóna, það er alfarið verktakans að leysa það vandamál og greiða kostnað vegna breytinga sem þarf að gera og orsakast af því að tölvutengiskápur var settur í rýmið. Afleiðingin sem það hefur í för með sér er sú að ekki er nægjanlegt rými fyrir þá 6 tölvunetþjóna sem þar eiga að vera skv. forsögn verkkaupa. Í rýminu eiga ekki að vera neinar vatns- eða hitalagnir né að liggja um það skv. forsögninni. Verktaki þarf að gera viðeigandi ráðstafanir í rýminu vegna vatnslagna þannig að tryggt sé að ekki verði tjón í rýminu vegna vatnsleka sem gæti komið upp, sem og að alls öryggis sé gætt vegna brunavarna.
- Kælingu vantar.
- Eftir að setja kerfisloft.

TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf

Hafnargötu 60, 230 Keflvík

Símar: 421-5105, 896-3450, Fax: 421-5173

Fjölbrautarskóli Suðurnesja

Viðbygging, breytingar á eldra húsnæði og lóð 2003-2004.

- Eftir að setja lampa
- Eftir að mála.

Verktaki hefur lýst sig ósammála því að hann bæri kostnað af því að breyta rýminu til þess vegar sem kröfur eru gerðar um í forsögn verkkaupa.

Verkbættir sem eru ekki fullnægjandi og þarf að lagfæra:

Almennt:

- Þvottakantur á stiga- og gangabrúnum, kantar eru ekki fullnægjandi tryggja þarf að vatn leki ekki niður kanta við bónleysingu gólfduka.

1. hæð.

130 Leiksvið, samkomu og matsalur.

- Neyðarljós eru ekki á réttum lekaliða.

131 Fyrirlestrarsalur.

- Loflljós eru ekki dimmanleg (sjá verklýsingu). Óhæft er að hafa málmhalogenljós í salnum.

2. hæð.

201 Tengigangur, fordyri.

- Endurskoða þarf lýsingu á svæði fyrir skápa þar sem gert var ráð fyrir setustofu, lýsing er ekki nægileg. Meðallýsing á að vera ca. 300 lúx. Setja þarf lengri kastarbraut samkv. Teikn og ljós, t.d. 2stk 1x18W sparperukastara. Almenn lýsing er ekki í lagi á þessu svæði og þarf að bæta hana annað hvort með ljósum í kastarbrautina eða á annan veg.

203 Afgreiðsla.

- Breyta þarf raflæsinguna á hurð inná skrifstofugang, setja hnappinn á skrifstofuganginn en kortalesarann í biðstofuna og setja þrýstihnapp í afgreiðslu. (samkv. Verklýsingu).

223 Svalir yfir sviði.

- Vantar vinnulýsingu með rofa, t.d. staðsett á veggdós. Þegar slökkt er yfir sviðinu þá er ekki hægt að athafna sig við hljómtækjaskápinn vegna þess að almenn lýsing er ekki nægjanleg í þessu rými.

3. hæð.

301 Tengigangur.

- Endurskoða þarf lýsingu á svæði fyrir skápa þar sem gert var ráð fyrir setustofu, lýsing er ekki nægileg. Meðallýsing á að vera ca. 300 lúx. Setja þarf lengri kastarbraut samkv. Teikn og ljós, t.d. 2stk 1x18W sparperukastara. Almenn lýsing er ekki í lagi á þessu svæði og þarf að bæta hana annað hvort með ljósum í kastarbrautina eða á annan veg.

4. hæð.

401 og 402 Tæknirými og geymsla.

- Merkingar tækja og búnaðar loftræsikerfis eru bæði á íslensku og sænsku, merkingar og skýringamyndir skulu vera á íslensku og af læsilegri stærð.

TÆKNIÞJÓNUSTA SÁ ehf

Hafnargötu 60, 230 Keflvík

Símar: 421-5105, 896-3450, Fax: 421-5173

Fjölbrautarskóli Suðurnesja

Viðbygging, breytingar á eldra húsnæði og lóð 2003-2004.

Aukaverk sem verktaki er beðinn um að vinna:

131 Fyrirlestrarsalur.

- Ofnar í fyrirlestrarsal, ofnar standa upp á endan sitthvoru megin við skólatöflur, breyta ofnum þannig að þeir verði láréttir, óásættanlegt er útlitslega séð að hafa þá upp á endan.

219 Sjúkraliðar.

- Ganga frá lögnum í kennaraborð. Lagnir verða dregnar úr gólfi og settur upp tenglabúnaður í tenglarennu. Lagfæra þarf gólf á eftir.

Um aukaverk er að ræða hvað varðar úrdrátt lagna og viðgerð á gólfi.

224 Aðkoma fyrirlestrarsalar.

- Setja þarf öryggishandrið þar sem ekki eru sæti á efsta palli um öryggisatriði er að ræða sem verktaka ber að sjá um.
- Setja þarf upp vinnuborð fyrir framan hjólastólstæði.
- Sæti og vinnuborð í fyrirlestrarsal, kvartað hefur verið yfir þengslum milli sætis og viðkomandi vinnuborðs, ath. þarf hvort hægt sé að færa borðplötu til á festingum þannig að rýmra verði á milli án þess að það skaði næstu sætaröð.

307 Kennslustofa.

- Ganga frá lögnum í kennaraborð. Lagnir verða dregnar úr gólfi og settur upp tenglabúnaður í tenglarennu. Lagfæra þarf gólf á eftir.

Um aukaverk er að ræða hvað varðar úrdrátt lagna og viðgerð á gólfi.

308 Kennslustofa.

- Ganga frá lögnum í kennaraborð. Lagnir verða dregnar úr gólfi og settur upp tenglabúnaður í tenglarennu. Lagfæra þarf gólf á eftir.

Um aukaverk er að ræða hvað varðar úrdrátt lagna og viðgerð á gólfi.

309 Kennslustofa.

- Ganga frá lögnum í kennaraborð. Lagnir verða dregnar úr gólfi og settur upp tenglabúnaður í tenglarennu. Lagfæra þarf gólf á eftir.

Um aukaverk er að ræða hvað varðar úrdrátt lagna og viðgerð á gólfi.

Verktaki ætlar að leggja fram tímasetta verkáætlun þar sem koma mun fram sundurliðun um lok einstakra verkþátta. Einnig mun hann leggja fram kostnaðartölur vegna aukaverka.

Sigurður H. Valtýsson
Tækniþjónusta SÁ ehf.

Menntamálaráðuneytið og
Fjölbrautaskóli Suðurnesja (fjárlaganúmer: 02-353)
gera með sér svofelldan samning fyrir
2005

1. Tilgangur og forsendur

Samningur þessi er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkisstofnunum og byggir á 39. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Hann kveður annars vegar á um starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og árangur sem hann ætlar að ná og hins vegar það hvernig menntamálaráðuneytið muni standa að gerð tillagna um fjárveitingar til skólans á fjárlögum. Fjárlagatillögur byggja á starfsemi sem tilgreind er í samningnum og markmiðum um árangur í skólstarfi og rekstri.

Samningurinn er umgjörð um samskipti aðila en breytir í engu ábyrgð menntamálaráðherra á starfrækslu skóla gagnvart Alþingi eða þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherra og Fjölbrautaskóli Suðurnesja hafa lögum samkvæmt.

Rekstrarframlag skólans er ákveðið í fjárlögum og er því samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum menntamálaráðuneytis. Nái tillögur ráðuneytis um fjárveitingar á fjárlögum ekki fram að ganga skal skólanum gerð grein fyrir því svo fljótt sem auðið er. Þá metur skólinn horfur á framgangi þeirra verkefna sem samningurinn gerir ráð fyrir og ákveða samningsaðilar sameiginlega hvort ástæða er til sérstakra aðgerða, s.s. að fresta ákveðnum verkefnum eða draga úr umfangi rekstursins.

2. Hlutverk, markmið og áherslur í starfi

Fjölbrautaskóli Suðurnesja starfar samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

Skipulag yfirstjórnar skólans skv. 1. grein reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 5/2001 er eftirfarandi:

Yfirstjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri.

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, eins til tveggja ára nám á starfsnámsbrautum en einnig kennsla til lokaprófs á iðn- og starfsnámsbrautum, listnámsbraut og starfsnámsbraut fyrir nemendur með sérþarfir, allt með áfanga og fjölbrautasniði.

Í skólstarfinu skal leitast við að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Í skólanámskrá skal skólinn útfæra nánar hvernig hann vinnur að því að ná þessum markmiðum.

Meðal áhersluatriða íslenskra framhaldsskóla, sem ráðuneytið hefur markað og Fjölbrautaskóli Suðurnesja tekur afstöðu til í samningnum, setur sér framkvæmdaáætlanir og markar stefnu í, eru eftirfarandi atriði, auk þeirra sem skólinn kann að setja sjálfur:

- Skólanámskrá
- Sjálfsmat
- Almenn námsbraut, skilgreining og starfræksla m.a. með tilliti til atvinnu- og menningarlífs í skólaumhverfinu, svo og sérþarfa og áhugamála nemenda hvers skóla.
- Menntun nýbúa
- Dreifnám, upplýsingatækni og fartölvuvæðing

Fjölbrautaskóli Suðurnesja setur sér eftirfarandi deili- og meginmarkmið í framangreindum málaflokkum á samningstímanum og birtir stöðu og framvindu mála í ársskýrslu.

Sjálfsmat

Meginmarkmið: Markmið með sjálfsmati Fjölbrautaskóla Suðurnesja er að meta gæði skólastarfsins og stýra umbótastarfi sem byggist á matinu. Leitast er við að fá svör við eftirfarandi spurningum:

- Hver eru gæði menntunar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja?
- Hvað getum við gert til að nemendur nái enn betri árangri?

Deilimarkmið:

- Í öllum matsverkefnum verða notuð viðmið sem rannsóknir sýna að einkenni árangursríkt skólastarf.
- Notaðar verða meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir eftir því sem við á.
- Umbótaáætlanir fylgja niðurstöðum matsverkefna.
- Helstu niðurstöður matsverkefna verða kynntar á starfsmannafundum, þær ræddar og umbótaáætlunum fylgt eftir.

Aðgerðaráætlun:

Vorönn 2005

- ✓ Könnun á kennslu um 20 kennara.
- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Könnun meðal útskrifaðra nemenda á viðhorfum þeirra til skólans og hvernig námið hefur nýst þeim.

Haustönn 2005

- ✓ Könnun á kennslu um 20 kennara.
- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Úttekt á samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda.

Skólanámskrá

Meginmarkmið:

- Að setja fram á skipulegan hátt stefnu, áherslur og námsframboð Fjölbrautaskóla Suðurnesja og gera nemendum, forráðamönnum og öðrum kleift að nálgast upplýsingarnar á auðveldan hátt.

Deilimarkmið:

- Að skólanámskrá sé aðgengileg á vef skólans www.fss.is og að þar séu upplýsingar uppfærðar einu sinni í viku.
- Að ljúka við samningu á þeim köflum sem vantar í skólanámskrá.
- Að skólanámskráin sé í stöðugri endurskoðun

Aðgerðaáætlun 2005:

- ✓ Verkefnisstjóri sér um ritstjórn skólanámskrár og bókasafnsfræðingur um uppfærslu efnis á vef skólans. Þau hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir og yfirfari og uppfæri skólanámskrána.
- ✓ Leit í skólanámskrá á heimasíðu skólans verður gerð aðgengilegri og þeirri vinnu lokið í september 2005.
- ✓ Jafnréttisáætlun og umhverfisáætlun samin á vorönn 2005.
- ✓ Samræmt form kennsluáætlana samið á vorönn 2005 og allar kennsluáætlanir samdar samkvæmt því fyrir haustönn 2005. Kennsluáætlanir allra áfanga birtar í skólanámskrá á vefsíðu skólans.

Dreifnám, upplýsingatækni og fartölvuvæðing

Meginmarkmið:

- Að allir nemendur skólans geti nýtt sér upplýsingatækni í námi

Deilimarkmið:

- Að skapa tækifæri fyrir kennara til að kynna tilraunir sínar í kennslu með aðstoð upplýsingatækni.
- Að skjávörpum eða sjónvörpum sem tengja má við tölvu verði komið fyrir í hverri kennslustofu.
- Að allir kennarar í fullu starfi fái fartölvu til afnota.
- Að kenna námsáfanga í netagerð með dreifnámsniði.

Aðgerðaráætlun 2005:

- ✓ Á haustönn 2005 hafa allir kennarar í fullu starfi fartölvu til afnota.
- ✓ Á haustönn 2005 verða allar kennslustofur búnar skjávarpa og tölvu.
- ✓ Kennararnir kynna tilraunir sínar með notkun upplýsingatækni í námi á kennarafundum.
- ✓ Ráðinn verður tölvukennari til að aðstoða kennara vegna tölvunotkunar og notkunar upplýsingatækni í námi í 10 klst. á viku allt árið 2005.
- ✓ Á hverri önn verða haldin námskeið fyrir kennara í notkun gagnlegra forrita.
- ✓ Boðið verður upp á dreifnám í sérgreinum netagerðar. Áföngunum verður skipt niður á annir með það í huga að sem flestir nemendur geti nýtt sér námið á sama tíma.

Almenn braut

Meginmarkmið:

- Markmið með almennum brautum við Fjölbrautaskóla Suðurnesja er að veita nemendum undirstöðuþekkingu í kjarnagreinum og gefa nemendum jafnframt tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi og búa þá undir frekara nám eða störf. Á brautinni er einnig lögð áhersla á að auka færni nemenda í samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Almennar brautir skólans eru tvær, almenn braut (AB) og almenn braut – fornám (AF).

Deilimarkmið:

- Að nemendur nái þeim árangri að þeir geti hafið nám á örðum brautum skólans.
- Að sjálfsmynd nemenda styrkist.
- Að nemendur fái að kynnast viðfangsefnum allra námsbrauta skólans jafnt starfsmenntabrauta sem bóknámsbrauta.

Aðgerðaráætlun 2005:

- ✓ Að nemendur á almennum brautum skólans fái á haustönn 2005 aukna umsjón og áhersla verður lögð á samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra þannig að aðhald og eftirlit með þeim verði bæði frá heimili og skóla.
- ✓ Sérstök námsráðgjöf verður veitt nemendum á almennum brautum.
- ✓ Á haustönn 2005 verði boðið upp á almenna námsbraut með áherslu á verknám.

Menntun nýbúa

Meginmarkmið:

- Að veita nemendum skólans sem ekki hafa alist upp á Íslandi og hafa því annan menningarbakgrunn og annað móðurmál en íslensku, aðstoð við hæfi hvers og eins þannig að þeir geti á sem skemmstum tíma aðlagast skólastarfinu og íslensku samfélagi.

Deilimarkmið:

- Að styrkja íslenskukennslu frá því sem nú er og aðstoð við heimanám.
- Að auðvelda aðlögun nýbúa að skólastarfinu með aðstoð eldri nemenda skólans.
- Að veita nemendum hjálp við leit að sumarvinnu.
- Að hanna séráfangi í Íslandssögu fyrir nýbúa.
- Að aðrir nemendur njóti góðs af með því að kynnast nánar menningu annarra þjóða.

Aðgerðaáætlun 2005

- ✓ Á hverri önn verða fengnir nemendur á 2. eða 3. námsári til að aðstoða nýbúa í einstökum kennslustundum sem þeir sækja.
- ✓ Nýbúum verður veitt sérstök aðstoð í stöðtímum sem eru fjórum sinnum í viku.
- ✓ Kenndir verða 4 áfangar í íslensku fyrir nýbúa. Eftir 4. áfangi fara þeir í ÍSL1026 eða ÍSL1036 eftir getu hvers og eins nemenda.
- ✓ Umsjónarkennari nýbúa aðstoðar nemendur við leit að sumarvinnu í samráði við foreldra/forráðamenn.
- ✓ Hannaður verður á haustönn 2005 sérstakur áfangi í Íslandssögu fyrir nýbúa.
- ✓ Á haustönn 2005 verður alþjóðlegur dagur í FS þar sem nýbúar og skiptinemar kynna menningu sinnar þjóðar.

Að sporna gegn brottfalli

Meginmarkmið:

- Að vinna gegn brottfalli nemenda.

Deilimarkmið:

- Að minnka brottfall nemenda úr áföngum um 1%.

Aðgerðaáætlun:

- ✓ Fjarvistayfirlit verða send heim til foreldra/forráðamanna ósjálfráða nemenda 3 sinnum á önn.
- ✓ Allir nemendur og foreldrar/forráðamenn ósjálfráða nemenda hafa aðgang að skólakerfinu og geta þannig fylgst nánar með fjarvistum og námsárangri.
- ✓ Allir kennarar skólans verða með 6-8 ósjálfráða nemendur í sinni umsjón. Þeir hafa samband við foreldra/forráðamenn nemenda ef mætingar eða verkefnaskil nemenda er ábótavant.
- ✓ Kennarar eiga einkaviðtöl við umsjónarnemendur sína einu sinni á önn og ræða þar við þá um námsval og námsgengi.
- ✓ Allir kennarar leggi aukna áherslu á að:
 - Hvetja nemendur sína til dáða
 - Hrósa þeim fyrir vel unnin verk
 - Láta umsjónarkennara, ráðgjafa eða stjórnendur vita ef skólasókn er ábótavant eftir að hafa gert nemenda viðvart
 - Vænta alltaf árangurs
 - Skiptast á hugmyndum og ráðum til að ná til nemenda

3. Nemendafjöldi, verkefni og breytingar á starfsemi

3.1 Áætlaður nemendafjöldi á samningstímanum

Á árunum 2003 til 2005 er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda skólans verði sem hér segir:

Ársmemendur (nemendaígildi)

	Fæstir	Flestir
Dagskóli og dreifk. dagskóla	780	880
Kvöldskóli og dreifk. kvöldsk.	40	70

Tölur um ársnemendur eru endurskoðaðar árlega í samvinnu skóla og ráðuneytis með það fyrir augum að tryggja sem best samræmi milli fjárveitinga og nemendatalna. Bornar eru saman innritunartölur og ársnemendur skv. áfangaskrá þegar þær liggja fyrir ár hvert og áætluð höfðatala næsta fjárlagaárs (t.d. 2002) umreiknuð í ársnemendur í sömu hlutföllum og raunin varð á næstliðnu ári (t.d. 2000).

Skólinn fær ekki greitt fyrir ársnemendur umfram ofangreind hámark nema gerður hafi verið skriflegur viðauki við samninginn áður en kennsla viðkomandi nemenda hefst.

Misræmi á milli áætlaðra nemendatalna og nemendatalna í raun skal leiðrétt eftir á um leið og nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir og eigi síðar en fyrir lok vorannar næsta almanaksárs á eftir.

3.2 Námsframboð

Menntamálaráðuneytið staðfestir með samningi þessum starfrækslu eftirtalinna námsbrauta við skólann:

Brautir samkvæmt námskrá frá 1999

- Vélavarðarnám (VV1)
- Almenn braut - fornám (AF)
- Almenn braut (AB)
- Grunndeild rafiðna (GR)
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)
- Hársnyrtibraut, fyrri hluti (HG)
- Málmiðngreinar (MG)
- Uppeldisbraut (UP)
- Vélstjórnarbraut 2. stigs (VV1)
- Viðskiptabraut (VI)
- Upplýsinga- og fjölmiðlabraut (UF)
- Starfsbraut, nemendur með sérþarfir (ST1, ST2)
- Tölvufræðibraut (TFB)
- Sjúkraliðabraut (SJ)
- Félagsfræðibraut (FÉ)
- Málabraut (MB)
- Náttúrufræðibraut (NÁ)
- Rafvirkjun, verknámsbraut (RK8)
- Netagerð (NG9)
- Húsasmíði (HÚ9)
- Listnámsbraut (LN)
- Flugþjónustubraut (FÞB)
- Íþróttabraut (ÍÞ1)

Brautir samkvæmt eldri námskrá sem nemendur hafa ekki enn lokið:

- Félagsfræðibraut (FÉ5)
- Félagsfræðibraut (FÉ6)
- Hagfræðibraut (HA)
- Málabraut (MB6)

Tillögur skóla um að hefja starfrækslu námsbrauta sem þeir hafa ekki starfrækt áður skulu liggja fyrir í endanlegri mynd ekki síðar en fyrir lok janúar það ár, sem þær eiga að koma til framkvæmda. Berist tillögur eða óskir eftir lok janúar, verður við það miðað, að þær komi til framkvæmda haustið ári síðar, enda fallist ráðuneytið á efni þeirra.

3.3 Sérverkefni

Annist skóli sérstök verkefni á samningstímanum og fái til þeirra fjárveitingar á fjárlögum eru þau talin upp hér að neðan og upphæðir koma fram í niðurstöðutölum fjárlagafrumvarps hvers árs í fylgiskjali 1. með samningnum undir liðnum 1.09. Önnur verkefni.

Öldungadeild

Kjarnaskóli í netagerð skv. samningi við menntamálaráðuneyti.

3.4 Undirbúningur nýrrar eða breyttrar starfsemi

Óskir skóla og ráðuneytis varðandi umfjöllun einstakra mála eru settar fram í fylgiskjali með samningnum. Aðilar eru sammála um að meðferð þeirra á samningstímanum fari fram í þeirri röð og á þeim tíma sem þar segir.

4. Fjármögnun

4.1 Rekstur og laun

Menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að fjárframlög ríkissjóðs til rekstrar og kennslu taki mið af þróun almennra markmiða skólustarfs á grundvelli laga um framhaldsskóla og starfsemi þeirri sem tilgreind er í 3. kafla, framangreindum nemendatölum og niðurstöðum reiknilíkans skv. 39. gr. laga um framhaldsskóla.

Reiknilíkanið tekur mið af almennum verðlagsuppfærslum fjárlaga á milli ára. Það byggir á því að brottfall sé sem minnst. Skólinn leitar því leiða til að vinna gegn brottfalli, m.a. með námsráðgjöf og efltri umsjón með námshópum. Ráðuneytið leggur áherslu á góða nýtingu námshópa og jafnframt að nemendur, sem hefja nám við skólann, skili sér til prófs.

Ef greitt er sérstaklega fyrir verkefni, skv. grein 3.3. skal aðgreina rekstrarútgjöld og rekstrartekjur vegna þeirra sérstaklega frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans.

4.2 Viðhald húsnæðis

Viðhald fasteigna skólans er á vegum Fasteigna ríkisins samkvæmt leigusamningi sem skólinn gerir við þá stofnun og menntamálaráðuneytið staðfestir.

Kveðið er á um hið leigða húsnæði og upphæð húsaleigu í samningi aðila og miðast við fermetra skv. fasteignamati nema annað sé tekið fram.

Framlagi fjárlaga til leigunnar er skipt samkvæmt reiknilíkani sem gildir hverju sinni og er í samræmi við reiknaða nýtingu húsnæðisins.

5. Skil á upplýsingum, endurskoðun og samskipti

Samningurinn byggir að miklu leyti á upplýsingum frá skólanum um nemendafjölda í einstökum námsáföngum, væntanlegum breytingum á aðsókn og upplýsingum um húsnæði og rekstrarforsendur. Þessum upplýsingum skal skólinn skila sundurliðuðum til ráðuneytisins þegar það kallar eftir þeim.

Stefnt er að eftirfarandi samskiptum um samningsgerðina:

- Í febrúar eða mars: Ráðuneytið boðar til fundar þar sem skólinn kynnir niðurstöður (ársskýrslu) síðastliðins árs. Ef ástæða þykir til skal fjalla um tillögur að breytingum á starfsemi vegna næstkomandi fjárlagaárs.
- Fyrir 1. júní: Endurskoðun samnings fyrir næsta ár lokið.

- Í september eða október: Tengiliðir skólans heimsækja skólann og kynna forsendur fjárlaga næsta árs og uppgjör sl. árs. Þá skal hefja undirbúning að gerð skólasamnings þann næsta árs m.a. með því að taka við óskum skólans um sérstök verkefni á því ári.
- Í nóvember eða desember: Samningur næsta árs undirritaður.

Heimilt er að endurskoða samninginn ef ófyrirséðar aðstæður valda því að einstök ákvæði hans verða óraunhæf að mati beggja samningsaðila.

6. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2005 og gildir í 1 ár.

Reykjavík, 2005

menntamálaráðherra

skólameistari

formaður skólanefndar

Fylgiskjal

Skólinn óskar viðhorfa, afstöðu eða aðkomu ráðuneytisins að eftirfarandi úrlausnarefnum:

- Tillit verði tekið til mikillar fjölgunar á starfsbraut/sérdeild við skólann og aukinn kostnað af þeim sökum.
- Hátt hlutfall nemenda skólans er á almennri námsbraut. Skólinn telur nauðsyn á meiri stoðþjónustu við þessa nemendur en kennslutengd framlög rúma.
- Samstarfi skólans við Íþróttakademíu í Reykjanesbæ um námstilboð fyrir ungt afreksfólk í íþróttum.

Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Markmið jafnréttisáætlunar Fjölbrautaskóla Suðurnesja er að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans, ennfremur að minna stjórnendur og starfslíð skólans á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, lítarháttar, trúarskoðana eða annarra þátta. Fjölbrautaskóli Suðurnesja telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Í öllu starfi skólans verði unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla sem og gegn þeim neikvæðu viðhorfum sem beinast að mismunandi lítarhætti og minnihluta hópum. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði einnig virkur þáttur í starfsmannastefnu skólans.

Í 26. grein laga nr. 96 / 2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að kynjum skuli ekki mismunað í skólum og öðrum uppeldisstofnunum og skuli þess gætt í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Kveðið er á um fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum og að leitast skuli við að draga úr kynskiptu námsvali. Í jafnréttislögunum er ennfremur kveðið á um að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- og karlastörf.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja leggur áherslu á eftirfarandi:

Samvinnu og sjálfstæði kynja.

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu beggja kynja. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins innan ramma námsskrár. Leitast verður við að hafa kennslu- og námsgögn þannig að kynjum sé ekki mismunað á nokkurn hátt.

Rannsóknir sýna að munur er á piltum og stúlkum hvað varðar áhuga og hæfni á flestum viðfangsefnum skólans. Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um þessa þætti og taki tillit til þeirra í daglegu starfi. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun. Mikilvægt er að þjálf þætti eins og samvinnuhæfni og tillitssemi til að auðvelda unglöngunum að starfa í blönduðum hópum.

Launajafnrétti

Launaákvæðanir byggjast á kjarasamningum og lögum óháð kynferði og skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár sbr. 14 gr. laga nr. 96/2000.

Auglýsingar

Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga.

Upplýsingagjöf

Þegar birtar eru tölfraðilegar upplýsingar á vegum skólans skulu þær jafnan greindar eftir kyni, eftir því sem við á.

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgang í störfum.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða undirbúnings öðrum störfum.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Leitast er við að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið, einkum hjá foreldrum ungra barna.

Starfsandi og líðan starfsmanna

Lögð er áhersla á góða líðan starfsmanna og góðan starfsanda í skólanum. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Suðurnesja skal endurskoðuð og metin á tveggja ára fresti.

LÍF OG LEIKUR 25. febrúar

Kl. 10:30 - 12:00

Helga Braga flytur erindi bæði í gamni og alvöru. Hún ræðir við nemendur FS eins og henni er einni lagið, um hvernig dómur og herrar haga sér og hvernig þeir sem „kunna sig“ ná betri árangri en hinir.
Salur

Hlé

Kl. 21:00 - 01:00

Glæsiball í umsjón Útskriftaraðals.
Á dagskrá verða mörg ótrúlega skemmtileg atriði sem nánar verða auglýst síðar.
DJ - Kvikyndi leikur fyrir dansi.
Gestir mæta bláedrú og í glæsilegum klæðnaði.
Veislustjórar: Guðbjörg Reynisdóttir nemandi og Gunnlaugur Sigurðsson kennari.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Þemadagar 23. - 25. febrúar 2005

Líf og leikur

Nemendur velja tvö **bleik** námskeið og tvö **blá**

Stuttmyndahópur og blaðahópur starfar alla dagana

LÍF OG LEIKUR

23. febrúar

kl. 10 - 12	Regnbogabörn Einelti og afleiðingar þess Fyrirlestrarsalur	SÁÁ Vímuefni og afleiðingar neyslu þeirra Stofa 331	Lýðheilsustöð Hvernig er best að hætta að reykja Stofa 333	Björgunarsveitin Kynning á starfi og áherslum sveitarinnar Stofa 106	Pilukast Pilukastfélagið kennir pilukast Stofa 211
kl. 10 - 12	Ofbeldi í samböndum og á stefnumótum Drífa Snædal Stofa 335	Dansjóga Marta Eiríksdóttir kennir dansjóga Stofa 327	Nýr lífsstíll Umsjón Kristjana Gunnarsdóttir íþróttakennari Stofa 108	Sjálfsstyrking Gísli Blöndal Að takast á við breytingar Stofa 321	Blái herinn Tómas Krnútsson Leiðréttum fortíðina fyrir framtíðina Stofa 323
kl. 10 - 12	Júddó Einar og Katrín Undirstöðuatr. í júddó Við stofu 327	Félagsvist Guðlaug Pálsdóttir kennir spilið félagsvist Stofa 325	Sjómanna- og skátahnútar og splæs Lárus Pálmason Veioðarfærastofa	Siðferði kynlífs Lena Rós Matthíasdóttir flytur erindi, umræður Stofa 206	Balkan dansar Veska Jónasóttir kennir balkan dansa íþróttahús
kl. 10 - 12	Veggjakrot Martino skiptinemi kennir spreimyndagerð Stofa 213	Rauði krossinn Hvað gerir hann fyrir ungt fólk og með ungu fólki Stofa 329	Átraskanir Kolbrún Marelsdóttir Spegillinn Stofa 209	Bridge Kynning og undirstaða spilsins bridge Stofa 208	Hekl og þrjón hópur 1. Lærðu að hekla og þrjóna Stofa 104
kl. 10 - 12	Þessir hópar starfa frá kl. 10 - 15	Skrautskrift Obba og Anna T. Kenna skrautskrift sama hóp 10 - 15 Stofa 222	Ljósmyndun Guðmundur Freyr kennir ljósmyndun og Photoshop Stofa 220	Stuttmyndahópur (212) og Bláðahópur (215) starfa báða dagana kl. 10 - 15	

kl. 12 - 13

Atriði nemenda á sal í hádegi

kl. 13 - 15	Regnbogabörn Einelti og afleiðingar þess Fyrirlestrarsalur	SÁÁ Vímuefni og afleiðingar neyslu þeirra Stofa 331	Lýðheilsustöð Hvernig er best að hætta að reykja Stofa 333	Blái herinn Tómas Krnútsson Leiðréttum fortíðina fyrir framtíðina Stofa 323	Gömlu dansarnir Anna Lea æfir dans fyrir glæsiballið Stofa 327
kl. 13 - 15	Sjómanna- og skátahnútar og splæs Lárus Pálmason Veioðarfærastofa	Sjálfsstyrking Gísli Blöndal Að takast á við breytingar Stofa 321	Ofbeldi í samböndum og á stefnumótum Drífa Snædal Stofa 335	Hollt matarræði Umsjón Oddný Mattadóttir Stofa 301	Skák Kynning á skáklístinni og teft Stofa 210
kl. 13 - 15	Myndasögur Kynning Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson Stofa 322	Gítar 1 Kenni að spila á gítar (byrjendur) Stofa 205	Pilukast Pilukastfélagið undirstöðuatr. pilukast Stofa 211	Rauði krossinn Hvað gerir hann fyrir ungt fólk og með ungu fólki Stofa 329	Golf GS Undirstöðuatriði golfíþróttarinnar Stofa 106
kl. 13 - 15	Hekl og þrjón hópur 2. Lærðu að hekla og þrjóna Stofa 104				



Krútt - kaffihús starfar báða dagana kl. 10 - 15 í og við stofu 221

LÍF OG LEIKUR

24. febrúar

kl. 10 - 12	SÁÁ Hvernig veit ég að vinur minn á í vímuefnavanda Fyrirlestrarsalur	Samskipti og kynlíf ungs fólks Dagbjört Ásmundsdóttir Stofa 331	Nýr lífsstíll Umsjón Kristjana Gunnarsdóttir íþróttakennari Stofa 108	Rauði krossinn Hvað gerir hann fyrir ungt fólk og með ungu fólki Stofa 329	Gömlu dansarnir Anna Lea æfir dans fyrir glæsiballið Stofa 327
kl. 10 - 12	Jóga Undirstöðuatriði jóga Umsjón Marta Eiríksdóttir Stofa 324	Hollt matarræði Umsjón Oddný Mattadóttir Stofa 301	Sjálfsstyrking Gísli Blöndal Að takast á við breytingar Stofa 321	Blái herinn Tómas Krnútsson Leiðréttum fortíðina fyrir framtíðina Stofa 323	Átraskanir Kolbrún Marelsdóttir Spegillinn Stofa 209
kl. 10 - 12	Júddó Einar og Katrín Undirstöðuatr. í júddó Við stofu 327	Félagsvist Guðlaug Pálsdóttir kennir spilið félagsvist Stofa 325	Sjómanna- og skátahnútar og splæs Lárus Pálmason Veioðarfærastofa	Balkan dansar Veska Jónasóttir kennir balkan dansa íþróttahús	Veggjakrot Martino skiptinemi kennir spreimyndagerð Stofa 213
kl. 10 - 12	Myndasögur Kynning Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson Stofa 322	Skátar Starf og áherslur Skátahreyfingarinnar Stofa 222	Pilukast Pilukastfélagið undirstöðuatr. pilukast Stofa 211	Björgunarsveitin Kynning á starfi og áherslum sveitarinnar Stofa 106	(didgeridoo) Hljóðfæri frumbyggja Ástralíu Stofa 333
kl. 10 - 15	Hekl og þrjón hópur 1. Lærðu að hekla og þrjóna Stofa 104	Þessir hópar starfa frá kl. 10 - 15	Ljósmyndun Guðmundur Freyr kennir ljósmyndun og Photoshop Stofa 220	Stuttmyndahópur (212) og Bláðahópur (215) starfa báða dagana kl. 10 - 15	

kl. 12 - 13

Atriði nemenda á sal í hádegi

kl. 13 - 15	SÁÁ Hvernig veit ég að vinur minn á í vímuefnavanda Fyrirlestrarsalur	88-húsið Halþór Birgisson Kynning á starfi 88 hússins Stofa 329	Næring og heilsa Ólafur Sæmundsson næringsfr. Stofa 335	Blái herinn Tómas Krnútsson Leiðréttum fortíðina fyrir framtíðina Stofa 323	Samskipti og kynlíf ungs fólks Dagbjört Ásmundsdóttir Stofa 331
kl. 13 - 15	Sjómanna- og skátahnútar og splæs Lárus Pálmason Veioðarfærastofa	Skátar Starf og áherslur Skátahreyfingarinnar Stofa 222	Spunasmíða Hrönn Arnarsdóttir Spuni Stofa 325	Skák Kynning á skáklístinni og teft Stofa 210	(didgeridoo) Hljóðfæri frumbyggja Ástralíu Stofa 333
kl. 13 - 15	Gítar 1 Kenni að spila á gítar (byrjendur) Stofa 205	Afródansar Marta Eiríksdóttir kennir Afródansa Stofa 327	Pilukast Pilukastfélagið undirstöðuatr. pilukast Stofa 211	Bridge Kynning og undirstaða spilsins bridge Stofa 208	Golf GS Undirstöðuatriði golfíþróttarinnar Stofa 106
kl. 13 - 15	Hekl og þrjón hópur 2. Lærðu að hekla og þrjóna Stofa 104				



Krútt - kaffihús starfar báða dagana kl. 10 - 15 í og við stofu 221